

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Fossgerði, Fljótshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002. Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Landnotkun á hluta jarðarinnar Fossgerði, um 59,7 ha, breytist í opið svæði til sérstakra nota í stað iðnaðar- og landbúnaðarsvæðis.
- Ný vegtenging frá svæðinu inn á Borgarfjarðarveg.
- Lega reiðleiðar frá þéttbýlinu á Egilsstöðum meðfram Borgarfjarðarvegi breytist auk þess sem gert er ráð fyrir nýjum reiðleiðum í landi Fossgerðis og nýrri reiðleið frá Borgarfjarðarvegi niður með afleggjara að námum í Mýnesi og þaðan suður með Eyvindará í átt að Egilsstöðum.
- Gert er ráð fyrir nýjum göngu- og hjólreiðastíg austan við Borgarfjarðarveg frá Egilsstöðum og að fyrirhuguðu athafnasvæði hestamanna í Fossgerði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Rangárbings eystra 2003-2015.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. október 2005 staðfest aðalskipulag Rangárbings eystra 2003-2015.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Rangárbings eystra hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Hvolsvallar 1990-2010 frá 14. maí 1990, með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 20. október 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.